



## **Reglur um menningarverðlaun í sveitarfélaginu Skútustaðahreppi**

### **1.gr.**

Menningarverðlaun eru að jafnaði veitt árlega. Val á þeim sem hljóta menningarverðlaun Skútustaðahrepps er samstarfsverkefni velferðar- og menningarmálanefndar og íbúa sveitarfélagsins.

### **2.gr.**

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum, gefur ákveðinn frest og auglýsir viðburð þar sem afhending fer fram. Rétt til að tilnefna hafa öll félög í Skútustaðahreppi og íbúar sveitarfélagsins.

### **3.gr.**

Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum, hópi eða félagasamtökum. Tilnefningu skal gjarna fylgja stutt greinargerð um viðkomandi einstakling eða félag, um starf og viðburði undanfarin ár og þátt þeirra í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd.

### **4.gr.**

Velferðar- og menningarmálanefnd velur hver hljóti menningarverðlaun eða viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf með hliðsjón af tilnefningum og ábendingum, en er þó ekki bundin af því. Handhafi menningarverðlauna fær styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

### **5. gr.**

Reglurnar voru samþykktar á 1. fundi velferðar- og menningarmálanefndar Skútustaðahrepps 4. september 2018 og staðfestar á 4. fundi sveitarstjórnar 12. september 2018.